

AUGLÝSING

um leyfilegan loðnuafra grænlestra, norskra og færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 1997/1998.

1. gr.

Leyfilegur hámarksafli grænlestra, norskra og færeyskra skipa af loðnu í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 1997/1998 er þessi:

Skip frá Grænlandi:	139.150 lestir	
Skip frá Noregi:	80.490 lestir	
Skip frá Færeyjum:	21.225 lestir	á tímabilinu 1. júlí - 31. desember 1997 og
	15.000 lestir	á tímabilinu 20. janúar - 31. mars 1998.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 374, 20. júní 1997, um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 409, 26. júní 1997, um leyfilegan hámarksafra skipa frá Grænlandi, Noregi og Færeyjum af loðnu í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. janúar 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 374, 20. júní 1997, um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. bætist svohljóðandi málsliður: Ákvæði 1. málsliðar gildir ekki hafi íslensk stjórnvöld með milliríkjasamningi samið um aðra skipan.

2. gr.

Í stað: „7“ í 2. mgr. 4. gr. komi: 8.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða ásamt síðari breytingum, laga nr. 13, 30. mars 1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands og laga nr. 57, 3. júní 1996 um umgengni um nytjastofna sjávar.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. janúar 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.